



## KLÁÐAMAUR – RÁÐ TIL FORELDRA

Sjá einnig á [Heilsuvera.is](http://Heilsuvera.is) – [Kláðamaur](#)

Helstu smitleiðir eru við nána snertingu milli manna

### **Helstu einkenni eru:**

Kláði (sérstaklega að nóttu til)

Mjóar rauðar rákir á húðinni

útbrot og afrifur á húð vegna klórs

Einkenni geta komið nokkrum vikum eftir fyrstu sýkingu, en eftir endurteknar sýkingar kemur kláði eftir nokkra daga. Kláðinn getur haldið áfram í nokkra vikur eftir rétta lyfjameðferð.

### **Greining:**

Fer fram hjá lækni

### **Meðferð:**

- Hverfur ekki af sjálfu sér og þarfnast því alltaf meðferðar.
- Lyfjameðferð í samráði við lækni og fylgja leiðbeiningum vel.
- Venjulega er ein lyfjameðferð árangursrík en þó má endurtaka meðferð eftir 7-10 daga ef þörf er á.
- Mikilvægt að bera mýkjandi krem á líkamann daginn eftir meðferð og eftir þörfum.
- Kláði getur varað í allt að 6 vikur eftir meðferð og því eru oft notuð kláðastillandi lyf samtímis.
- Mikilvægt að öll fjölskyldan fái samtímis meðferð þó einkenna sé ekki vart.

### **Ráðleggingar:**

- Þvo föt, handklæði, sængurföt, greiður, bursta og annað sem kemst í snertingu við líkamann úr 50° heitu vatni (minnst 15 mín.).
- Þau efni sem ekki má þvo úr svo heitu vatni ætti að setja í lokaðan poka í 2 vikur
- Gott að klippa neglur hjá börnum með smit og ef til vill láta þau sofa með hanska
- Daginn eftir meðferð má barn fara aftur í skólann

### **Hvað er hægt að gera til að forðast kláðamaur?**

- Gott að minna börn á að fá ekki lánuð föt, trefla o.s.frv. hjá öðrum
- Fylgjast með einkennum á þeim svæðum sem kláðamaurinn herjar á, það er:
  - Milli fingra, greipar og handarbök
  - Úlnliði og olnboga
  - Undir höndunum
  - Húðin umhverfis naflann
  - Geirvörtur kvenna
  - Kynfæri karla
  - Innanverð læri og mitti